

**Lista- og menningarsjóður Norðurþings**  
**Reglur um úthlutun styrkja.**

- 1 Styrkveitingar fari fram tvisvar á ári, á reglulegum fundum fræðslu- og menningarnefndarí mars og október. Auglýsa skal eftir styrkumsóknum í febrúar og september ár hvert. Auglýsa skal í þeim auglýsingamiðlum sem gefnir eru út í Norðurþingi hverju sinni sem og á heimasíðu sveitarfélagsins.
- 2 Styrki má veita einstaklingum, félögum og samtökum sem starfa að menningarmálum og hafa eflingu menningarstarfs í Norðurþingi að markmiði sínu. Styrki má veita vegna einstakra verkefna eða viðvarandi starfsemi.
- 3 Fræðslu- og menningarnefnd er heimilt að gera samninga við stofnanir Norðurþings um framkvæmd afmarkaðra verkefna í þágu menningarmála.
- 4 Umsóknir skulu berast fræðslu- og menningarfulltrúa. Umsóknir skulu vera skriflegar og undirritaðar af forsvarsmanni og/eða stjórn þess félags sem sækir um styrk. Umsóknir sem berast í tölvupósti jafngilda skriflegum umsóknum.
- 5 Hverri umsókn skal fylgja greinargerð um starfsemi viðkomandi félags og/eða það verkefni sem vinna skal að. Tilgreina skal í hvaða verkefni eigi að nota þá fjármuni sem sótt er um. Styrkbeiðnum vegna reglulegrar starfsemi formlegs félagsskapar skal fylgja ársreikningur viðkomandi félags vegna síðasta árs og/eða fjárhagsáætlun vegna yfirstandandi árs. Umsóknum vegna einstakra viðburða eða afmarkaðra verkefna skal fylgja fjárhagsáætlun vegna þeirra .
- 6 Styrki vegna einstakra viðburða eða verkefna skal ekki greiða út fyrr en að þeim loknum eða að fullu er fyrirséð að af þeim verði. Styrkupp hæð vegna einstakra verkefna skal ekki fara umfram kostnað sem að af þeim hlýst.
- 7 Fræðslu- og menningarnefnd getur kallað forsvarsmenn félaga á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Einnig getur fræðslu- og menningarnefnd falið fræðslu- og menningarfulltrúa að afla frekari upplýsinga varðandi umsóknir.
- 8 Fræðslu- og menningarnefnd getur skilyrt styrki og gert samninga um afhendingu þeirra. Fræðslu- og menningarfulltrúi skal fylgjast með að skilyrðum vegna skilyrtra styrkja / samningsbundinna styrkja sé framfylgt.
- 9 Þegar samþykkt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins liggur fyrir skal fræðslu- og menningarnefnd ákvarða fasta fjárupphæð til viðhalds á eignum sjóðsins og smærri verkefna er menningar- og fræðslufulltrúa er heimilt að styrkja.

*Samþykkt á fundi fræðslu- og menningarnefndar 15. október 2014.*  
*Staðfest af bæjarstjórn 21. október 2014.*